

FUNDARBOÐ

4. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, þriðjudaginn 20. september 2022 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2209002F - Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.
- 2. 2208002F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 23**
Lögð fram fundargerð 3. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2208007F - Skipulagsnefnd - 3**
Lögð fram 3. fundargerð skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

- 4. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram til kynningar fundargerð 912. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 26. ágúst sl.
- 5. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands**
Lögð fram fundargerð 177. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands ásamt fylgiskjölum.
- 6. 2208043 - Nýting vindorku**
Lagt fram erindi frá Hafsteini S. Hafsteinssyni, formanni starfshóps sem vinnur að tillögum til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku. Starfshópurinn óskar eftir sjónarmiðum þeirra sem skoðanir hafa á málinu.
- 7. 2209010 - Árshlutauppgjör Helgafellssveitar**
Lagt fram til kynningar árshlutauppgjör fyrir Helgafellssveit annarsvegar og Stykkishólmsbæ hinsvegar m.v. 31. maí 2022.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 8. 2209009 - Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni**
Lagður fram til samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, ásamt viðaukum I og II við samninginn.

Bæjarráð samþykkti, á 3. fundi sínum, að sameinað sveitarfélag Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verði aðili að sameiginlegu umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni. Bæjarráð fól bærarstjóra að vinna að framgangi málsins og í framhaldinu undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins. Jafnframt var bærarstjóra falið að kanna hvort gera þurfi breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins vegna hins sameiginlega umdæmisráðs.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

9. 1910024 - Norðurljósahátíð

Opnunartónleikar Norðurljósahátíðar 2022 fara fram 20. október nk. Við opnun hátíðar er hefð fyrir því að veita viðurkenningu fyrir framlag til lista og menningar í Stykkishólmi.

Lagt er til að bærarstjórn veiti aðalmönnum í bæjarráði umboð til að veita viðurkenninguna í ár.

10. 2209013 - Ungmennaráð

Í samræmi við nýja samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagt fram uppfært erindisbréf ungmennaráðs.

Lagt er til að bærarstjórn samþykki erindisbréfið, skipi formann í ungmennaráð og veiti ráðinu heimild til að hefja störf um leið og það er full mannað.

11. 2112004 - Sameiningarviðræður Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar - Heiti sveitarfélagsins

Lögð fram umsögn Örnefnanefndar um þær átta tillögur að nafni á hið sameinaða sveitarfélag sem bærarstjórn samþykkti að senda til umsagnar nefnarinnar á 2. fundi sínum 30. júní 2022.

Bæjarráð samþykkti á 3. fundi sínum að boða til íbúafundar vegna nafns á nýja sveitarfélaginu. Þar verður kynnt greinargerð Örnefnanefndar og boðið til samtals um niðurstöðu Örnefnanefndar og fyrirliggjandi tillögur.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

12. 2208031 - Efling Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) í Stykkishólmi

Bærarstjóri gerði á 1. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar grein fyrir áherslum sveitarfélagsins við að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) í Stykkishólmi. Bætt heilbrigðisþjónusta var eitt af áhersluverkefnum Samstarfsnefndar um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti bærarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til að beita sér fyrir að settur verði á fót starfshópur fagaðila í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og HVE á Akranesi sem móti tillögur um hvernig best sé að efla Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi og á Snæfellsnesi í heild, þannig að stofnunin veiti íbúum Snæfellsness meiri og öruggari heilbrigðisþjónustu en nú er.

Á grunni þeirrar hvatningar er lögð fram tillaga um að settur verði á fót starfshópur fagaðila frá heilbrigðisráðuneyti, sveitarfélaginu og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) sem móti tillögur um hvernig best sé til framtíðar að efla HVE í Stykkishólmi. Meðal þess sem verði kannað er styrking háls- og bakdeildar, efling rannsókna, fjarheilbrigðisþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu og betri nýting húsnæðis HVE í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkti tillöguna á 3. fundi sínum. Bæjarráð samþykkti að senda tillöguna og greinargerð til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Heilbrigðisráðuneytisins með ósk um tilnefndingu fulltrúa í starfshópinn. Þá verði tillagan jafnframt send þingmönnum Norðvesturkjördæmis til kynningar.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2208035 - Aukið fjármagn til að rannsaka lífríki sjávar í innanverðum Breiðafirði.

Ýmsar tegundir þara og þörungur sem vaxa í innanverðum Breiðafirði eru eftirsóttar til að framleiða verðmæt matvæli og fæðubótavörur. Sama gildir um ígulker, grásleppu, krabbadýr og skelfisk. Rannsóknir á magni og vistkerfi í sjávarlífríki Breiðarfjarðar eru af skornum skammti. Frekari rannsóknir eru forsenda aukinnar sjálfbærrar nýtingu einstakra tegunda og þar með aukins framleiðsluverðmætis.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti, á 1. fundi sínum, bæjarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar að þrýsta á stjórnvöld til að útvega HAFRÓ aukið fjármagn til þessara rannsókna. Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarfokks, Sjálfstæðisfokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur fram að sett verði metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi. Með öflugri, innlendra matvælaframleiðslu er stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi.

Bæjarráð tók á 3. fundi sínum undir mikilvægi þess að efla rannsóknir á svæðinu með vísan til bókonar atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Bæjarráð skoraði jafnframt á matvælaráðherra og Alþingi að veita Hafrannsóknarstofnun frekari fjárheimildir til rannsókna.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2208034 - Strand- og landeldi innan sameinaðs sveitarfélags

Bæjarstjóri kynnti á 1. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar mikilvægi þess að kortleggja og greina nánar fiskeldistækifæri á svæðinu með tilliti til vatns- og orkuþarfa og með tilliti til möguleika fyrirtækja á svæðinu til þess að nýta innlenda fôðurgjafa sem falla til við vinnslu á sjávarafurðum á svæðinu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti bæjarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til að láta kortleggja og greina fiskeldistækifæri á svæðinu. Slík starfsemi getur skapað tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar í Stykkishólmi á grunni sjálfbærrar nýtingar auðlinda og hugmyndafræði grænna iðngarða.

Bæjarráð tók á 3. fundi sínum undir ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar og fól bæjarstjóra að vinna hugmyndina áfram.

15. 2206035 - Skipulag athafna- og iðnaðarsvæða við Kallhamar og Hamraenda

Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 og tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir nýtt athafnasvæði við Kallhamar (A5) og stækkun á núverandi athafnasvæði (A1) við Hamraenda sem unnin er samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Á 1. fundi skipulagsnefndar, 22. júní sl., fór skipulagsfulltrúi yfir þá vinnu sem í gangi er vegna breytingar á aðalskipulagi athafnasvæða við Kallhamar og Hamraenda og deiliskipulagsáætlana fyrir svæðin sem unnar verða samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Skipulagsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti tillögu að lýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 skv. 1 mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna athafnasvæða við Kallhamar og Hamraenda og tillögu að tveimur nýjum deiliskipulagsáætlunum skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sömu svæði sem unnin verða samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Þar sem hugtakið "grænn iðngarður" er tiltölulega nýtt hér á landi mælti nefndin með því að hugtakið verði útskýrt frekar í skipulagslýsingunni sbr. texta í skipulagsforsögninni fyrir Kallhamarssvæðið. Einnig taldi nefndin að lýsa yrfti betur hvernig hugmyndafræði um grænan iðngarð við Kallhamar skili sér í ítarlegri skilmálum í deiliskipulagsgerð fyrir svæðið.

Þá benti nefndin á að Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness ætti að vera einn af helstu umsagnaraðilum.

Bæjarráð samþykkti á 3. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2111004 - Víkurhverfi - Deiliskipulagsbreyting

Lögð er fyrir tillaga skipulagsfulltrúa að svörum við athugasemdum sem bárust á auglýsingartíma breytingartillögunnar ásamt skýringarmyndum og uppfærðri tillögu með minniháttar breytingum. Þá er jafnframt lagt fram yfirlit yfir málsmeðferð og afgreiðslur fastanefnda og bæjarstjórnar vegna málsins.

Gildandi deiliskipulag fyrir Víkurhverfi er frá 2007. Deiliskipulagssvæðið er um 2,3 ha að stærð og nær til miðhluta hverfisins n.t.t. norður af Borgarbraut að Hyrnuvík. Ákvörðun um breyta deiliskipulaginu er tilkomin vegna mælinga sem unnar voru á svæðinu s.l. sumar en þá kom í ljós að suðurendi svæðisins er að hluta til óbyggilegur vegna jarðvegsdýptar.

Meginmarkmiðin með deiliskipulagsbreytingunni eru að:

- Ná fram meiri hagkvæmni og betri nýtingu lands með fjölgun lóða úr 13 í 16, fjölgun íbúðareininga úr 28 í 37 og styðjast við nýja nálgun við íbúðarlausnir og hagkvæmari nýtingu lóða. Jafnframt er leitast við að vernda svæði sem mikilvæg eru fyrir leik og útivist.
- Stýra lausnum í byggingarheimildum í átt til meiri gæða í íbúðarlausnum með áherslu á sól og skjól og bjartari íbúðir.
- Ná fram falllegu heildaryfirbragði byggðarinnar með því að hanna aðlaðandi götumyndir, áhugaverð rými á milli húsa, gönguvænna umhverfi og blandaða stærð íbúðareininga með mismunandi húsum og þakformum.
- Leggja áherslu á lýðheilsu og mannrækt með gatnahönnun sem tekur mið að umferðaröryggi, gróðri, götugögnum og góðri lýsingu ásamt samfélagsmótandi þáttum og aðgengi að náttúru og útivistarmöguleikum.

Skipulagsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti, á 3. fundi sínum, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis með þeim minniháttar breytingum sem gerðar hafa verið til þess að koma til móts við athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma tillögunnar. Nefndin samþykkti einnig fyrir sitt leyti tillögu skipulagsfulltrúa að svörum við athugasemdunum sem bárust.

Jafnframt fól nefndin skipulagsfulltrúa að kalla eftir viðbótargögnum sem sýna ásýnd nýbygginga á reit E-1d frá húsum við Víkurflöt 10 og Garðflöt 9 en þau gögn hafi ekki áhrif á afgreiðslu nefndarinnar enda hafi breytingartillagan umtalsvert minni áhrif á útsýni frá þessum húsum heldur en deiliskipulag það sem nú er í gildi.

Á 3. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og vísar afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 2209002 - Birkilundur - Breyting á DSK

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Birkilundi í Helgafellssveit frá 2006.

Í gildi er deiliskipulag frá 1987 en umrædd skipulagstillaga frá 2006 var aldrei auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og hefur þar af leiðandi aldrei tekið gildi. einnig eru annmarkar á áritun tillögunnar og auglýsingaferli. Þrátt fyrir að deiliskipulagstillagan frá 2006 hafi ekki tekið gildi, eru vísbendingar um að unnið hafi verið eftir þessari skipulagstillögu í Birkilundi um árabil. Skipulagsfulltrúi leggur til að deiliskipulagið verði klárað í samræmi við 8. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 17. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008.

Á 3. fundi skipulagsnefndar samþykkti nefndin fyrir sitt leyti að gerð deiliskipulagstillögunnar verði kláruð í samræmi við 8. kafla skipulagslaga. Nefndin mælti með því að bæjarstjórn fari fram á að lóðarhafar/eigendur á deiliskipulagssvæðinu stofni með sér félag lóðarhafa/eigenda í Birkilundi í Sauraskógi sbr. 1. mgr. 17. gr laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008. Í kjölfar stofnunar félagsins vinni skipulagsfulltrúi áfram með félaginu að endurskoðun tillögunnar áður en hún verður kynnt fyrir félagsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að því búnu undirbúa tillöguna til samþykktar bæjarstjórnar til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. laganna.

Á 3. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og vísar afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn. Í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar fól bæjarráð skipulagsfulltrúa að fara fram á að lóðarhafar/eigendur á deiliskipulagssvæðinu stofni með sér félag lóðarhafa/eigenda í Birkilundi í Sauraskógi sbr. 1. mgr. 17. gr laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008.

Afgreiðslunni er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2010034 - Framlenging lóðarúthlutunar - Móholt 14-16

Lagt fram erindi Ingveldar Eypórsdóttur vegna lóðarinnar að Móholti 14-16 þar sem m.a. er óskað eftir afturköllun ákvörðunarinnar 2. fundar bæjarráðs en til vara um endurupptöku málsins. Þá er óskað eftir að byggingarfrestur sé endurreiknaður og veittur samanlagt fjögurra mánaða frestur til viðbótar.

Á 3. fundi bæjarráðs var málinu vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn þar sem umhverfis-

og skipulagssvið var að vinna að viðbrögðum sviðsins við erindinu. Fyrir bæjarstjórn eru lögð fram viðbrögð umhverfis- og skipulagssviðs vegna málsins.

Að lokum er lagt fram minnisblað bæjarstjóra þar sem hann leggur til eftirfarandi afgreiðslu:

Bæjarstjórn samþykkir, í ljósi nýrra upplýsinga og gagna sem lögð hafa verið fram í málinu, að tilefni sé til þess að fallast á endurupptöku málsins í skilningi 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Að mati bæjarstjórnar má ætla, þegar málsatvik eru virt í heild sinni, að fyrrum lóðarhafi hafi getað dregið þá ályktun að lóðarúthlutun hafi ekki fallið niður eftir veittan frest. Vegur þar þungst fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um óskráð munnleg samskipti og fyrirliggjandi tölvupóstssamskipti eftir að formlegur byggingarfrestur rann út.

Af þeim sökum og með hliðsjón af sjónarmiðum um meðalhóf er fallist á að úthluta Ingveldi Eyþórsdóttur lóðinni að Móholti 14-16. Er henni veittur frestur til þess að fá útgefið byggingarleyfi og hefja framkvæmdir innan fjögurra mánaða frá því að tilkynning um þessa afgreiðslu berst henni, sem er í samræmi við beiðni hennar þar um. Hafi hún ekki fengið útgefið byggingarleyfi og hafið framkvæmdir áður en sá frestur rennur út fellur úthlutun lóðarinnar niður án frekari aðgerða af hálfu sveitarfélagsins.

Að öðru leyti er vísað til fyrirliggjandi minnisblaða bæjarstjóra og umhverfis- og skipulagssviðs.

19. 2209011 - Erindi frá Hesteigendafélagi Stykkishólms

Lagt fram erindi frá Hesteigendafélagi Stykkishólms þar sem félagið fer þess á leit við sveitarfélagið að fá umsjón með áningarhólfi við Skjöld og sjá um endurbætur á því og færslu girðingar.

Bæjarráð tók jákvætt í erindið á 3. fundi sínum. Vegna þröngs tímaramma fól bæjarráð bæjarstjóra að funda með stjórn HEFST vegna málsins, afla viðeigandi umsagna vegna þess og umboð til þess að afgreiða erindið í samráði við oddvita beggja lista í bæjarstjórn.

20. 2208016 - Viðauki 2 við Fjárhagsáætlun 2022-2025

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2022-2025.

Vegna umræðu á meðal bæjarfulltrúa er málið lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn til að eyðu óvissu um fullnaðarákvörðun málsins.

21. 2204018 - Nesvegur 22A - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð staðfesti á 2. fundi sínum, í umboði bæjarstjórnar, afgreiðslu skipulagsnefndar svör skipulagsfulltrúa við athugasemdum og vísar endanlegri afgreiðslu á byggingarleyfi til byggingafulltrúa.

Með vísan í afgreiðslu bæjarráðs samþykkti byggingafulltrúi á 24. fundi sínum, byggingaráform sbr við grein 2.4.2 í byggingarreglugerð, byggingafulltrúi mun gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum 2.4.4 grein í byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum.

Vegna umræðu á meðal bæjarfulltrúa er málið lagt fram til staðfestingar í bæjarstjórn til að eyðu óvissu um fullnaðarákvörðun málsins.

22. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

20.09.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.